

## Eyrarrósinn 2008 afhent á Bessastöðum

[Eyrarrósina 2008](#) hreppi tónlistarhátiðin [Aldrei fór ég suður](#) og var hún afhent við hátíðlega athöfn á [Bessastöðum](#) þann 10. janúar í fjórða sinn. Síðastliðin fjögur ár hefur [Aldrei fór ég suður](#) verið haldin á [Ísafirði](#) en hátíðin er skipulögð af heimamönnum og áhugafólki um tónlist.

Dorrit Moussaieff forsetafrú afhenti viðurkenninguna og hún er jafnframt verndari Eyrarrósarinnar.

Einnig voru [Safnasafnið á Svalbarðseyri](#) og [Karlakórinn Heimur](#) tilnefnd til Eyrarrósarinnar. Markmiðið með Eyrarrósinni er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni, auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga

og landshluta og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) flutti ávarp við athöfnina. Þar lýsti ráðherra ánægju sinni með samstarf [Listahátíðar í Reykjavík](#), [Byggðastofnunar](#) og [Flugfélags Íslands](#) um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni með Eyrarrósinni. Þá greindi menntamálaráðherra frá menningarsamningum sem hafa nú verið undirritaðir við alla landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Með menningarsamningum hefur [menntamálaráðuneyti](#) það að leiðarljósi að fjölga störfum á sviði menningarmála og skapa áhugavert og lífandi menningarumhverfi.

### Lóan er komin í Listasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 10. janúar opnaði [menntamálaráðherra](#) sýningu Steingríms Eyfjörð, Lóan er komin, í [Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi](#). Sýningin var áður opnuð í Feneyjum í júní í fyrra og var framlag Íslendinga á 52. [Feneyjatvíværingnum](#) þar sem hún hlaut einstaklega góðar móttökur jafnt almennra gesta og gagnrýnenda. Gagnrýnandi dagblaðsins [the Observer](#) taldi sýningu Steingríms eina þá skemmtilegustu sem Feneyjatvíværingurinn býði upp á og í vef tímariti [Saatchi-gallerísins](#) var framlag hans talið eitt það markverðasta sem þar var að finna á síðasta ári. Sýningin var haldin í [Palazzo Bianchi Michiel](#) og var það í fyrsta sinn sem íslenska sýningin var haldin utan aðal sýningar svæðisins. Um 30 þúsund manns sóttu sýninguna á Feneyjatvíværingnum.

### Nýr framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð

Stýrihópur um stofnun nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð hefur látið gera könnun á viðhorfum íbúa í [Dalvíkurbyggð](#) og [Fjallabyggð](#) til stofnunar skóla með höfuðstöðvar í Ólafsfirði og til menntunar almenn. Könnunin var gerð í nóvember og desember á liðnu ári. Hún náði til þriggja hópa, almennings, nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla og fyrirtækja á svæðinu. Þátttaka í könnuninni var góð. Meðal þess sem fram kemur er að áhugi á menntun er mikill. Alls 92% grunnskólanema eru ákveðnir í að fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla og 68% telja líklegt að þeir muni stunda háskólanám. Áhugi á starfsnámi er mikill og fleiri nefna iðnnám en bóknám sem líklegt námsval.

Almenningur hefur áhuga á frekari menntun, bæði sem tengist núverandi störfum svo og nýjum sviðum. Fyrirtækin telja að það vanti sérhæfða starfskrafta og eru reiðubúin að skapa starfsfólki sínu svigrúm til endurmenntunar. Viðhorf til fyrirhugaðs framhaldsskóla eru mjög mismunandi eftir byggðarlögum og þá hafa foreldrar mun meiri áhuga á skóla við utanverðan Eyjafjörð en nemendur sem spurðir voru. Hafa ber í huga að enn er skólinn að nokkru leyti á umræðustigi og að kynning á honum hefur verið tiltölulega lítil. Skýrsluna í heild má sjá á vef [menntamálaráðuneytis](#).

### Frumvarp til laga um framhaldsskóla

[Frumvarp til laga um framhaldsskóla](#) felur í sér veigamiklar breytingar á skipulagi náms á framhaldsskólastigi. Frumvarpið er afrakstur af vinnu sem unnin hefur verið á undanförunum árum og lýtur að því að endurskoða lögbundna skipan framhaldsskólastigsins þar sem tillit er tekið til endurskoðunar laga sem varða önnur skólastig. [Menntamálaráðherra](#) skipaði nefnd til að annast heildarendurskoðun laga um framhaldsskóla. Starfið byggðist á ýmsum skýrslum og nefndarálitum sem meðal annars voru unnin samkvæmt svokölluðu [10 skrefa samkomulagi](#) sem menntamálaráðherra og [Kennarasamband Íslands](#) gerðu með sér 2. febrúar 2006 um sókn í skólasterfi og skólaumbætur. Við gerð frumvarpsins var leitast við að taka ríkt tillit til þeirrar umfjöllunar sem fram fór í einstökum starfshópum og nefndum, niðurstaðna þeirra og tillagna.

Greina má meginatriði og markmið frumvarpsins í nokkra þætti en áhersla er lögð á að frumvarpið feli í sér heildstæðar breytingar á framhaldsskólakerfinu. Markmið þess og meginbreytingar, og þær leiðir sem lagt er til að farnar verði til að ná þeim, ber því að skoða í samhengi.

Helstu áhersluatriði frumvarpsins eru þessi:

- réttur nemenda til skólavistar og náms styrktur með fræðsluskyldu til 18 ára aldurs
- gildi stúdentsprófs sem undirbúnings fyrir háskólanám óskorað en framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar
- skipulag skólasterfs miðist við kröfur og væntingar nemenda, sveigjanleiki námsskipulags stóruakinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi
- ráðgjöf og stuðningur við nemendur eflur
- framhaldsskólum veitt frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum
- dregið úr miðstýringu á námsframboði og í námskrárgerð
- aukið svigrúm og sveigjanleiki við gerð námsbrautarlýsinga með nýju einingamatskerfi
- mat á vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi gert gagnsætt og

stúdentspróf á bóknáms- og verknámsbrautum jafngilt

- menntastofnunum falin aukin ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga til að auka sveigjanleika og möguleika nemenda við flutning milli skólastiga
- leitast við að tryggja hag og stöðu nemenda í iðn- og verknámi og starfsnámi almenn, meðal annars með því að framhaldsskólar beri ábyrgð á vinnustaðanámi
- leitast við að tryggja gæði náms með því að stórefla mat og eftirlit og með stuðningi við umbætur í skólasterfi.

Æ fleiri þeirra sem ljúka námi á grunnskólastigi innritast til náms í framhaldsskóla en umtalsverður fjöldi hverfur frá námi án þess að ljúka lokaprófi. Almennari sókn í framhaldsskóla kallar á að námsframboð og fyrirkomulag náms sé í takt við mismunandi markmið og námsforsendur nemenda. Þetta kallar jafnframt á æskilega nýsköpun enda liggur þekkingin á ástandi mála hjá skólunum og þeir því í stakk búin að bregðast við aðstæðum sem geta verið bysna ólíkar milli staða á landinu.

Nánar má lesa um frumvarpið á vefnum [www.nymenntastefna.is](#).



### Aðalnámskrá framhaldsskóla: Fótaaðgerðafræði

[Menntamálaráðherra](#) hefur í fyrsta sinn staðfest nýja [brautarlýsingu](#) og [Aðalnámskrá framhaldsskóla í fótaaðgerðafræði](#).

Námskránni er ætlað að opna nýja leið fyrir ungt fólk til að koma inn í atvinnulíf með sérþekkingu á sviði fótaaðgerðafræði en námið hefur hingað til ekki verið í boði hér á landi. Fótaaðgerðafræðingar eru heilbrigðisstétt og njóta [lögverndaðs starfsheitis](#). Námið á að búa nemandann undir störf við meðferð fótaameina skjólstæðinga innan félags- og heilbrigðisþjónustu og á einkastofum. Námið er skipulagt sem 130 einingar á framhaldsskólastigi.

